

L Ö G

um breytingu á lögum nr. 87/1985, um sparisjóði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Orðið „sýslufélög“ í 2. mgr. 5. gr. laganna falli brott.

2. gr.

2., 3. og 4. málslíður 1. mgr. 21. gr. laganna orðist svo: Þar sem þrír menn sitja í stjórn kjósa sparisjóðsaðilar tvo stjórnarmenn en hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða héraðsnefndir tilnefna einn mann samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum sparisjóðsins. Sitji fimm í stjórn sparisjóðs kjósa hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða héraðsnefndir tvo stjórnarmenn. Séu sveitarstjórnir einu sparisjóðsaðilarnir kjósa hlutaðeigandi sveitarstjórnir, eða fulltrúar þeirra, alla stjórnina í samræmi við samþykktir sparisjóðsins.

B-liður 3. mgr. 21. gr. laganna orðist svo:

b. að 2/5 hlutum af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum eða héraðsnefndum enda hafi sveitarstjórnir eða sýslunefndir áður kosið til stjórnar sparisjóða.

3. gr.

Við 1. mgr. 28. gr. laganna bætist: Hlutfjáreign í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut, sem ekki ræður úrslitum um stjórnun þess og sem fyrst og fremst telst ávöxtun sparifjár. Bankaefirlit Seðlabanka Íslands sker úr um í einstökum tilvikum, hvort hlutfjáreign brjóti í bága við grein þessa. Getur það veitt viðkomandi aðila frest í allt að 3 mánuði til þess að uppfylla skilyrði þessarar málsgreinar, þegar sérstaklega stendur á.

4. gr.

4. mgr. 24. gr. hljóði svo:

Sparisjóðsstjórn setur og að fenginni umsögn sparisjóðsstjóra almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir sparisjóðsins þar með um hámark lána til einstakra lántakenda og tryggingar fyrir lánnum. Reglur þessar skal endurskoða eigi sjaldnar en árlega og skulu þær sendar bankaefirlitinu, sem láta skal í té álit á þeim hverju sinni.

Núverandi 4. mgr. færist aftur og verði 5. mgr.

5. gr.

Orðin: „sbr. þó 70. gr.“ í 2. málsl. 2. mgr. 20. gr. laganna falli brott.

6. gr.

Við 25. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:

Sparisjóðsstjórn, eða stjórn Sambands íslenskra sparisjóða, sbr. fyrri málsgrein þessarar greinar, ákvarðar vexti sparisjóðs og gjaldskrá fyrir einstaka þætti starfseminnar að fengnum tillögum sparisjóðsstjóra. Sparisjóðsstjórn, eða stjórn Sambands íslenskra sparisjóða, fjallar einnig um vexti af skuldabréfum sem sparisjóður gefur út og þá vexti sem sparisjóður áskilur sér við kaup á viðskiptavíxlum og viðskiptaskuldabréfum. Við umfjöllun um vexti eða

kaupgengi viðskiptavíxla og viðskiptaskuldabréfa skal sparisjóðsstjórn, eða stjórn Sambands íslenskra sparisjóða, sbr. fyrri málsgrein þessarar greinar, gæta þess að ávöxtunarkrafa sparisjóðsins sé sambærileg við ávöxtun almennra útlána sparisjóðsins í hliðstæðum áhættuflokkum.

7. gr.

3. mgr. 38. gr. laganna hljóði svo:

Stjórnarmenn sparisjóðs og varamenn þeirra skulu ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga hlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í. Sama gildir um þátttöku stjórnarmanna í meðferð máls er varðar aðila sem eru þeim tengdir, persónulega eða fjárhagslega.

Núverandi 3. mgr. 38. gr. færist aftur og verði 4. mgr.

8. gr.

Ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 70. gr. laganna falla brott.

9. gr.

Við 1. mgr. 71. gr. bætist svohljóðandi málslíður: Sé bókfært virði fasteigna og búnaðar, sem sparisjóður notar til starfsemi sinnar, hærri en sem nemur 65% af eigin fé sparisjóðsins skal hlutfallið fara stöðugt lækkandi á þessu tímabili þar til 65% markinu er náð nema ráðherra veiti að fengnum tillögum bankaeftirlitsins undanþágu til hækkunar á hlutfallinu á tímabilinu.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

L Ö G

um veitingu ríkisborgararéttar.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Adams, Carl John, sjómaður og smiður í Reykjavík, f. 23. janúar 1962 í Simbabve.
2. Almazan, Irene Sigríður, húsmóðir á Seltjarnarnesi, f. 5. júní 1968 í Keflavík.
3. Aviles, Patricio Hernan Cepeda, verkstjóri í Reykjavík, f. 30. ágúst 1955 í Chile.